



Lúxemborg, 16. nóvember 2018

FRÉTTATILKYNNING 08/2018

Dómur í máli E-8/17 *Henrik Kristoffersen gegn Skíðasambandi Noregs*

FYRIRKOMULAG INNLENDRA ÍPRÓTTASAMBANDA UM STJÓRN OG SAMPYKKI EINSTAKLINGSBUNDINNA STYRKTARSAMNINGA KANN AÐ VERA TAKMÖRKUN Á FRELSI ÍPRÓTTAMANNS TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Héraðsdómi Óslóar (*Oslo tingrett*) varðandi skýringu á 36. gr. EES-samningsins og tilskipun 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum („þjónustutillskipunin“).

Henrik Kristoffersen, meðlimur norska skíðalandsliðsins, óskað eftir leyfi frá norska skíðasambandinu til að gera styrktarsamning við Red Bull um markaðssetningu á hjálmum og höfuðbúnaði sem hann klæðist í keppnum skipulögðum af norska skíðasambandinu og Alþjóðlega skíðasambandinu. Norska skíðasambandið synjaði Kristoffersen um leyfi til að skrifa undir slíkan samning þar sem það hefði þegar samið við aðalstyrktaraðila sambandsins um hvernig fara ætti með auglýsingar á hjálmum og höfuðbúnaði landsliðsins. Kristoffersen bar synjunina undir Héraðsdóm Óslóar.

Héraðsdómur Óslóar beindi sex spurningum til EFTA-dómstólsins sem vörðuðu í meginatriðum tvö álitæfni. Fyrra álitæfnið varðaði það hvort reglur, líkt og finna má í reglum norska skíðasambandsins, um að íþróttamenn þyrftu fyrir fram leyfi frá íþróttasamböndum til gerðar einstaklingsbundinna styrktarsamninga (leyfisveitingafyrirkomulag) er varða auglýsingar á búnaði landsliðs, eða beiting slíkra reglna, væri takmörkun í skilningi 36. gr. EES-samningsins eða þjónustutillskipunarinnar. Síðara álitæfnið varðaði það hvort að takmarkanir á réttindum íþróttamanna til að ganga til slíkra samninga gætu verið réttlætanager.

Dómstóllinn taldi að leyfisveitingafyrirkomulagið félli undir 36. gr. EES um þjónustufrelsi. Við mat á því hvort fyrirkomulagið teldist takmörkun samkvæmt 36. gr. EES-samningsins, yrði að horfa til þess hvort það gerði það erfiðara fyrir íþróttamenn að gera styrktarsamninga. Ef slíkt leyfisveitingafyrirkomulag væri talin takmörkun, þá ætti það sama við um synjun á einstaklingsbundnum styrktarsamningi samkvæmt slíku fyrirkomulagi.

Dómstóllinn taldi jafnframt að leyfisveitingafyrirkomulagið, og synjun leyfis til að ganga til einstaklingsbundinna samninga samkvæmt slíku fyrirkomulagi, væri lögmætt ef það stefndi að lögmætu markmiði sem réttlæta mætti á grundvelli mikilvægra almannahagsmuna, væri viðeigandi til að ná slíku markmiði og gangi ekki lengra en nauðsynlegt er. Við slíkt mat verði að fara fram heildarmat á áhrifum leyfisveitingafyrirkomulagsins á möguleika íþróttamanna til markaðssetningar. Ákvörðun íþróttasambands samkvæmt slíku fyrirkomulagi verði að vera byggð á sanngjörnu jafnvægi milli hagsmuna íþróttasambandsins og þess íþróttamanns sem við á. Slík ákvörðun verði að vera rökstudd og tilkynnt íþróttamanninum innan hæfilegs tíma. Enn fremur verði að vera til staðar heimild til endurskoðunar á ákvörðuninni fyrir sjálfstæðum aðila (t.d. dómstólum). Séu slíkar málsmeðferðarreglur fyrir hendi, hafa íþróttasambönd svigrúm við mat á umsóknum frá íþróttamönnum um veitingu leyfis til gerðar einstaklingsbundinna styrktarsamninga. Sé fyrrgreindum sjónarmiðum ekki fylgt fellur það í hlut landsdómstóla að ákvarða afleiðingar þess, að teknu tilliti til meginreglna EES-réttar um jafngildi og skilvirkni.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.